



Borgarráð

Stafrænt ráð sveitarfélaga

Lagt er til að borgarráð samþykki að Reykjavíkurborg taki þátt í sameiginlegu starfi að stafrænni umbreytingu sveitarfélaga líkt og grein er gerð fyrir í gögnum um Stafrænt ráð sveitarfélaga. Jafnframt tekur borgarráð jákvætt í hugmyndir um samráðsvettvang kjörinna fulltrúa um stafræn mál, með aðkomu meiri og minnihluta borgarstjórnar, á vettvangi SSH.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Erindi SSH um stafrænt ráð sveitarfélaga, dags. 9. desember 2020.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Borgarráð Reykjavíkur

Dagur B. Eggertsson
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Kópavogi, 9. desember 2020
2012003 PBG/HH

Efni: Stafrænt ráð sveitarfélaga

Á fundi stjórnar SSH hinn 7. desember var stafrænt ráð sveitarfélaga til umræðu.
Eftirfarandi var bókað:

Stafrænt ráð sveitarfélaga/ málsnr. 2012003

Kynning á starfi stafræns ráðs sveitarfélaga, fyrirbyggjandi tillögum ráðsins og næstu skrefum í vinnu þess. Gestur fundarins undir þessum lið er Áslaug Hulda Jónsdóttir, fulltrúi SSH í stafrænu ráði sveitarfélaga. Áslaug Hulda Jónsdóttir kynnir framangreint, en fyrirbyggjandi eru tillögur um stofnun miðlægs tækniteymis Sambands íslenskra sveitarfélaga og er ráðgert að kostnaður vegna þess skiptist milli sveitarfélaga.

Niðurstaða fundar:

Framangreindu er vísað til umræðu og afgreiðslu á vettvangi aðildarsveitarfélaganna með tilheyrandi kynningu, verði óskað eftir því af hálfu sveitarfélaganna.

Óskað er eftir því að ofangreint verði tekið til efnislegrar umræðu og afgreiðslu.

Afgreiðsla málsins óskast send á ssh@ssh.is.

Virðingarfyllst,

Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi gögn:

- 1) Tölvupóstur Áslaugar Huldu Jónsdóttur til framkvæmdastjóra aðildarsveitarfélaga SSH og framkvæmdastjóra SSH, 27.11.2020.
- 2) Erindisbréf fyrir stafrænt ráð sveitarfélaga, dags. 08.10.2020.
- 3) Fjármögnun sameiginlegra starfrænna verkefna, glærukynning dags. 18.11.2020.
- 4) Tillaga um skiptingu fasts kostnaðar vegna stafræns teymis sveitarfélaga.

From: Áslaug Hulda Jónsdóttir <aslaug.hulda.jonsdottir@gardabaer.is>

Sent: 27 November 2020 12:26

To: Dagur B Eggertsson <dagur.b.eggertsson@reykjavik.is>; Gunnar Einarsson <gunnar@gardabaer.is>; Haraldur Sverrisson <haraldur@mos.is>; Ásgerður Halldórsdóttir <asgerdur@seltjarnarnes.is>; Ármann Kr. Ólafsson <armann@kopavogur.is>; Rósa Guðbjartsdóttir <rosa@hafnarfjordur.is>

Cc: Páll Björgvin Guðmundsson <pallbg@ssh.is>

Subject: SSH og Stafrænt ráð Sambandsins - næstu skref

Heil og sæl

Það er heilmikið að fréttu af stafrænni vegferð sveitarfélaga sem er mikilvægt svo sveitarfélög geti sameiginlega fundið leiðir til að nýta stærðarhagkvæmni í nýtingu upplýsingatækni til þess að lækka kostnað sinn, auka framleiðni og létta álagi á starfsfólk sitt.

Stafræna ráðið sem stofnað var í lok október og hefur unnið að því að skýra ákvarðanaferli er nýr að samvinnu sveitarfélaga í stafrænni þróun, forgangsraða verkefnum í samvinnu við Stafrænt Ísland fyrir 100 m.kr. styrk úr aðgerðapakka 2 og setja upp fjárhagsmódel til að vinna að sameiginlegri vegferð.

Ég er fulltrúi SSH og nú þarf fulltrúi hvers landshluta í Stafræna ráðinu að kynna meðfylgjandi gögn og stöðuna fyrir sveitarfélögum innan síns landshluta og óska samþykkis fyrir framangreindum tillögum. Það væri einnig góð hugmynd ef hver bæjarstjórn/borgarstjórn myndi tilnefna tvo kjörna fulltrúa, einn úr meirihluta og annan úr minnihluta og ég gæti búið til óformlegan samráðshóp innan SSH þar sem ég gæti spjallað og fengið athugasemdir við þeim málum sem unnið er að hverju sinni.

Tillögurnar má finna í meðfylgjandi kynningu og eru eftirfarandi:

1. Að stofnað verði miðlægt tækniteymi Sambands íslenskra sveitarfélaga (árlegur kostnaður 45 mkr.) sem sinna mun innleiðingu rafrænna lausna, gagnauppbyggingu og tengingu gagna gagnvart öllum sveitarfélögum landsins eins og nánar er útlistað í kynningunni.
2. Að sveitarfélög greiði fjárhæð sem er 200.000 kr. föst fjárhæð og svo m.v. íbúafjölda sem skipti framangreindri fjárhæð 45 mkr á milli sveitarfélaganna. Ársgreiðslur sjá í fylgiskjali fyrir hvert sveitarfélag.
3. Að formlegt samþykktarferli verði fyrir sveitarfélög á vali á forgangsverkefnum notað einu sinni til tvisvar á ári. Sjá mynd á glæru 6 í kynningu.

Á síðasta fundi stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga kynnti Sævar Freyr formaður stafræna ráðsins og Fjóla María, breytingastjóri stafrænnar þróunar tillögur stafræns ráðs sveitarfélaga til stjórnar. Bókun stjórnarinnar eftir fundinn er svohljóðandi:

Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA

Lögð fram fundargerð 3. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 4. nóvember 2020. Einnig lögð fram glærukynning um fjármögnun sameiginlegra stafrænna verkefna. Sævar Freyr Práinsson, formaður ráðsins og Fjóla María Ágústsdóttir, breytingastjóri stafrænnar þjónustu komu inn á fundinn undir þessum lið.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga þakkar fyrir greinargóða kynningu á vinnu sem er til mikillar hagsbótar fyrir sveitarfélögin. Stjórnin er jákvæð fyrir því að stofnað verði miðlægt tækniteymi sambandsins sem kostað verði af sveitarfélögunum skv. tillögu um kostnaðarþátttöku árið 2021.

Forsenda þess að teymið verði stofnað er að meginþorri sveitarfélaga taki þátt í verkefninu en mikilvægt er að kynna það vel fyrir sveitarfélögum á næstu vikum. Gert er ráð fyrir að verkefnið sé tímabundið, til tveggja ára fyrst um sinn, með mögulegri framlengingu.

Stjórnin samþykkir einnig tillögu um feril ákvarðanatöku Stafræns ráðs við val á forgangsverkefnum og leggur áherslu á að ferlið verði kynnt vel fyrir öllum sveitarfélögum.

Það er þá bara spurning hvernig við tökum næstu skref. Getið þið sent mér tengiliði úr minni- og meirihluta. Og er ástæða til að við Fjóla, breytingastjóri stafrænnar þróunar hjá Sambandinu, fundum með ykkur eða ykkar fólki og kynnum frekar þessa hugmynd?

Endilega látið mig vita hvernig hentar best að við nálgumst þetta verkefni.

Bestu kveðjur,
Áslaug Hulda
858-3555



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Áslaug Hulda Jónsdóttir
Heiðarlundi 7
210 Garðabær

Reykjavík 3. nóvember 2020

2009018SA KB
Málalykill: 01.80

Efni: Erindisbréf fyrir stafrænt ráð sveitafélaga

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 30. október 2020 var meðfylgjandi erindisbréf fyrir stafrænt ráð sveitarfélaga, dags. 8. október 2020, samþykkt.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Samrit: Álfhildur Leifsdóttir, Elías Pétursson, Eydís Ásbjörnsdóttir, Friðrik Sigurbjörnsson, Jón Páll Hreinsson, Kjartan Már Kjartansson, Óskar Sandholt og Sævar Freyr Þráinsson.

Afrit: Anna Guðrún Björnsdóttir og Fjóla María Ágústsdóttir.



Reykjavík 8. október 2020
2009018SA KB/agb
Málalykill: 01.80

Erindisbréf fyrir stafrænt ráð sveitarfélaga

Hlutverk og skipan

Hlutverk ráðsins er að:

- styrkja samstarf sambandsins við sveitarfélög um stafræna frampróun þeirra og styðja við vinnu sambandsins þar að lútandi.
- skapa traustari grunn fyrir markvissa forgangsröðun samstarfsverkefna sveitarfélaga um stafræna frampróun og hagsmunagæslu sambandsins fyrir þeirra hönd, sérstaklega gagnvart ríki og hugbúnaðarfyrirtækjum.
- stuðla að samhæfðri vinnu sveitarfélaga að stafrænni frampróun.


Ráðið er ráðgefandi við stefnumótun og ákvarðanatöku sambandsins um samstarfsverkefni sveitarfélaga í stafrænum málum og hagsmunagæslu þess á því sviði

Ráðið skal skipað níu fulltrúum samkvæmt tilnefningum landhlutasamtaka sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar. Ráðið velur sér formann. Ráðið getur einnig valið sér varaformann eftir því sem þörf er á.

Fulltrúar landshlutasamtakanna skulu tilnefndir úr hópi framkvæmdastjóra sveitarfélaga í hverjum landshluta eða kjörinna fulltrúa. Gert er ráð fyrir að þeir muni njóta stuðnings frá starfsmanni sveitarfélags í viðkomandi landshluta sem er með góða þekkingu á stafrænum málum. Starfsmaðurinn starfi með faghópi sem mun veita stafræna ráðinu faglegan stuðning, sbr. hér að neðan. Fulltrúar landshlutasamtaka skulu miðla upplýsingum um stöðu stafrænna mála í landshlutunum til sambandsins og upplýsingum um viðhorf sveitarstjórna í landshlutunum til sameiginlegrar stefnumótunar og hugmynda um samstarfsverkefni. Sé eftir því leitað aðstoða þeir einnig við að finna þátttakendur innan sveitarfélaga í stafræn verkefni og við að fylgja á eftir stafrænum samstarfsverkefnum í landshlutunum.

Helstu verkefni:

- Taka þátt í undirbúningi stefnumörkunar sambandsins um stafræna framþróun sveitarfélaga og undirbúningi samstarfsverkefna sveitarfélaga.
- Leggja mat á forgangsröðun stafrænna þróunarverkefna sveitarfélaganna og gera tillögur um forgangsröðun og stjórnunar- og fjármögnunarfyrirkomulag til stjórnar sambandsins.
- Styðja við vinnu sambandsins er snýr að miðlægu samstarfi sveitarfélaga um stafræna þróun og vinnu þess að eftirfylgni samstarfsverkefna.
- Vekja athygli á stafrænum málum sem ráðið telur að þarfnist úrlausnar.
- Vera til ráðgjafar við undirbúning stærri viðburða sambandsins í sviði stafrænnar þróunar.
- Styðja við umsagnagerð sambandsins um stefnumótun og laga- og reglugerðarsetningu ríkisins sem tengist stafrænni framþróun.



Boðun funda og fundargerðir:

Fundir ráðsins skulu vera eftir þörfum og a.m.k. 5-6 ár hvert. Breytingastjóri stafrænnar framþróunar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga boðar fundi, í samvinnu við formann, með skriflegri dagskrá og hæfilegum fyrirvara. Fundir skulu haldnir eftir fremsta megni á netinu. Breytingastjóri gengur frá fundargerðum í samráði við fundarmenn. Fundargerðir með upplýsingum um afstöðu, ráð og tillögur um stafræn verkefni skulu lagðar fyrir stjórn sambandsins til kynningar og eftir atvikum birtar á heimasíðu sambandsins. Breytingastjóri tekur jafnframt saman upplýsingar um mál, sem eru til umræðu á fundum, til stuðnings fyrir kynningu fulltrúa landshlutasamtakanna innan sinna svæða.


Faghópur um stafræna umbreytingu til stuðnings stafrænu ráði sveitarfélaga:

- Í faghópnum eiga sæti faglegir fulltrúar landshlutanna og sérfræðingar sveitarfélaga í stafrænum málum. Hópurinn getur kallað til sérfræðinga í málaflokkum sveitarfélaga til að dekkja ólík þekkingarsvið.
- Meginhlutverk hópsins er að vera umræðuvettvangur um stafræna þróun sveitarfélaga og veita stafrænu ráði sveitarfélaga faglegan stuðning
- Með tilliti til þess skulu fundir hópsins taka mið af fundum stafræna ráðsins.
- Hópurinn aðstoðar við greiningu á stöðu stafrænna mála sveitarfélaga og hugmynda um sameiginleg verkefni sveitarfélaga. Hann skal stuðla að því að fyrir hendi sé yfirsýn yfir stafræna þróun sveitarfélaga og stafræn samstarfstækifæri.
- Hópurinn getur sett fram tillögur að málum sem ráðið ætti að fjalla um.
- Hópurinn aðstoðar við þekkingarmiðlun til sveitarfélaga, m.a. á stafraent.samband.is, og til stuðnings samvinnu sveitarfélaga í stafrænum málum.
- Breytingastjóri stafrænnar framþróunar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga hefur umsjón með starfi hópsins.

Erindisbréf þetta er samþykkt af stjórn

Sambands íslenskra sveitarfélaga

30. október 2020



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Fjármögnun sameiginlegra stafrænna verkefna

Fyrir stjórnarfund 18. nóv. 2020

Samband íslenskra sveitarfélaga

Stefna og stjórnskipulag – Stafrænt ráð



Samband íslenskra
sveitarfélaga

Stafrænt tækniteymi – miðlæg þjónusta

- Stefna og hagsmunagæsla
- Innviðauppbýgging
- Samvinna ríkis og sveitarfélaga

Stjórn sambands íslenskra
sveitarfélaga

Stafrænt ráð sveitarfélaga

Faghópur

Tækniarkitektúr
hópur

Öryggis- og
persónuverndar
hópur

Í byrjun ágústmánaðar óskaði Samband íslenskra sveitarfélaga eftir því að við landshlutasamtök sveitarfélaga að tilnefna fulltrúa landshlutanna og Reykjavíkurborgar inn í stafrænt ráð til að styðja við stefnumótun og forgangsörðun um stafræna framþróun sveitarfélaga og að til verði samstarf sveitarfélaga á landsvísu um þau mál.

Í lok október hóf ráðið störf sín og hefur nú þegar fundað fjórum sinnum. Í ráðinu sitja Elís Pétursson fyrir SSNE, Eydís Ásbjörnsdóttir fyrir hönd SSA, Sævar Freyr Þráinsson fyrir SSV, Álfhildur Leifsdóttir fyrir SSNV, Óskar J. Sandholt fyrir Reykjavíkurborg, Áslaug Hulda Jónsdóttir fyrir SSH, Friðrik Sigurbjörnsson fyrir SASS, Kjartan Már Kjartansson fyrir SSS og Jón Páll Hreinsson fyrir FV. Fjóra María Ágústsdóttir breytingarstjóri stafrænnar þróunar hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga starfar með ráðinu en á fyrsta fundi ráðsins var Sævar Freyr valinn formaður ráðsins.

Stafrænt ráð – hlutverk og verkefni

Hlutverk:

- styrkja samstarf sambandsins við sveitarfélög um stafræna framþróun þeirra og styðja við vinnu sambandsins þar að lútandi.
- skapa traustari grunn fyrir markvissa forgangsröðun samstarfsverkefna sveitarfélaga um stafræna framþróun og hagsmunagæslu sambandsins fyrir þeirra hönd, sérstaklega gagnvart ríki og hugbúnaðarfyrirtækjum.
- stuðla að samhæfðri vinnu sveitarfélaga að stafrænni framþróun.
- Ráðið er ráðgefandi við stefnumótun og ákvarðanatöku sambandsins um samstarfsverkefni sveitarfélaga í stafrænum málum og hagsmunagæslu þess á því sviði

Helstu verkefni:

- Taka þátt í undirbúningi stefnumörkunar sambandsins um stafræna framþróun sveitarfélaga og undirbúningi samstarfsverkefna sveitarfélaga.
- Leggja mat á forgangsröðun stafrænna þróunarverkefna sveitarfélaganna og gera tillögur um forgangsröðun og stjórnunar- og fjármögnunarfyrirkomulag til stjórnar sambandsins.
- Styðja við vinnu sambandsins er snýr að miðlægu samstarfi sveitarfélaga um stafræna þróun og vinnu þess að eftirfylgni samstarfsverkefna.
- Vekja athygli á stafrænum málum sem ráðið telur að þarfnist úrlausnar.
- Vera til ráðgjafar við undirbúning stærri viðburða sambandsins í sviði stafrænnar þróunar.
- Styðja við umsagnagerð sambandsins um stefnumótun og laga- og reglugerðarsetningu ríkisins sem tengist stafrænni framþróun.

Faghópur um stafræna umbreytingu til stuðnings stafrænu ráði sveitarfélaga:

- Í faghópnum eiga sæti faglegir fulltrúar landshlutanna og sérfræðingar sveitarfélaga í stafrænum málum. Hópurinn getur kallað til sérfræðinga í málaflokkum sveitarfélaga til að dekkja ólík þekkingarsvið.
- Meginhlutverk hópsins er að vera umræðuvettvangur um stafræna þróun sveitarfélaga og veita stafrænu ráði sveitarfélaga faglegan stuðning
- Með tilliti til þess skulu fundir hópsins taka mið af fundum stafræna ráðsins.
- Hópurinn aðstoðar við greiningu á stöðu stafrænna mála sveitarfélaga og hugmynda um sameiginleg verkefni sveitarfélaga. Hann skal stuðla að því að fyrir hendi sé yfirsýn yfir stafræna þróun sveitarfélaga og stafræn samstarfstækifæri.
- Hópurinn getur sett fram tillögur að málum sem ráðið ætti að fjalla um.
- Hópurinn aðstoðar við þekkingarmiðlun til sveitarfélaga, m.a. á stafraent.samband.is, og til stuðnings samvinnu sveitarfélaga í stafrænum málum.
- Breytingastjóri stafrænnar framþróunar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga hefur umsjón með starfi hópsins.

Stafræn landshlutaráð

Stafrænt ráð sveitarfélaga




Innan hvers landshluta er sett upp Stafrænt landshlutaráð sem leitt er af kjörnum fulltrúa úr Stafrænu ráði með stuðningi frá stafrænum sérfræðingi úr faghópi í stafræni umbreytingu, einum eða fleiri út frá því hvernig mönnun sveitarfélaga innan landshlutans er í stafrænni þróun og tæknimálum.

Dæmi um uppsetningu hjá SSV er að Stafrænt landshlutaráð er samansett af framkvæmdastjórum sveitarfélaga í landshluta og sérfræðingum þeirra í stafrænni umbreytingu.


Stafræn landshlutaráð styrkja miðlun og deilingu þekkingar í samvinnu sveitarfélaga í stafrænni þróun.

Ferli ákvarðana Stafræns ráðs og val forgangsverkefna



Tegundir samvinnuverkefna

9. skref -Tilboð í verkefni frá hugbúnaðarhúsum og/eða ÚTBOÐ



Samvinnuverkefni sveitarfélaga geta flokkast undir fjóra flokka

1. **Innviðir sveitarfélaga.** Þessi verkefni miðast að því að greina stafræn stöðu og tækifæri innviða sveitarfélaga er snýr að tækni, verklagi og mannafla.
2. **Sameiginleg þróun þjónustuferla innan Island.is.** Þessi verkefni snúast um að hanna og þróa sameiginleg þjónustuferli inn á Island.is og nýta og tengjast gagnaskrár ríkisins og hagkvæmt er að setja miðlægt upp fyrir öll sveitarfélög.
3. **Tilrauna („pilot“) verkefni þar sem 2-5 sveitarfélög þróa saman lausn.** Stuðningur sem getur falist í fjárhagsáætlun, verkefnastýringu og verkefnaskipulagi tilraunaverkefna, samvinnusamningi og faglegri þróun sem hægt er að skala yfir á fleiri sveitarfélög.
4. **Kaup á sérþróun og/eða SaaS (Software as a Service) lausnum.** Stafrænt teymi sér um undirbúning og samvinu við hugbúnaðarhús vegna samninga um lausnir þar sem tilboð eru gerð þannig að öll sveitarfélög geti nýtt sér samninginn, og/eða útboð vegna lausna fyrir öll aðildarsveitarfélög.

Frumkvæði og nýsköpunarlausnir sveitarfélaga, þróun og hönnun.

Sveitarfélög halda áfram hvert fyrir sig í stafrænni þróun sinni og nýsköpun til að þjónusta íbúa og starfsmenn sína betur. Þessum lausnum geta sveitarfélög deilt, hvort sem er upplýsingum um þær eða kóða inni á lausnatorgi stafrænt.samband.is til að hraða fyrir stafrænni þróun sveitarfélaga almennt.


A decorative pattern of small, light blue geometric shapes, resembling stylized crosses or snowflakes, arranged in a grid-like fashion in the top right corner of the slide.

Island.is

Hvað felst í innleiðingu þjónustuferla?


Þjónustuferli inn á Island.is

1.



Notendavið
mót

2.



Gagnatengingar
við grunnskrár
ríkisins

3.



Gagnatenging
við sveitarfélög

4.



Breyting á
vinnulagi
sveitarfélags

Breyting á vinnulagi sveitarfélags

Uppsetningu þjónustuferla og aðlögun nýrrar tækni hjá sveitarfélagi, felur í sér nýtt verklag til að aðlagast nýrri tækni.

Þessi þáttur er oft vanmetinn en í raun felst mesta hagræðið innandyrá í þessum lið. Breyta þarf verklagi, vinnubrögðum og skipulagi til samræmis við nýja tækni.

Innleiða þarf nýja nálgun og endurhanna ferlið þannig að ný tækni bæti, einfaldi og skapi hagræði.

Stafrænt teymi sveitarfélaga verður stuðningur við endurhönnun ferla og innleiðingar.

Þjónustuferli inn á Island.is - nánar



2. Gagnatengingar

X-Road tengingar frá gagnaskráum stofnana til Island.is



1. Notendaviðmót

Auðkenning

Tilkynningar í gegnum pósthólf




3. Gagnatenging við sveitarfélög

Samþætting við málakerfi

... eða vinnslukerfi með viðmóti

(Tengingar sem eru margar hverjar komnar nú þegar, aðrar munu nýtast í framtíðarverkefni Stafræns Íslands)

Gagnasamstarf byggir á samningum um gjalddöku, öryggisúttektum, persónuverndarúttektum og að lokum forritun gagnaskila. Oft burðarbitinn í forritun nýrra ferla!





Kostnaðarþátttaka sveitarfélaga

Miðlægt tækniteymi sveitarfélaga

Kostnaðarþátttaka sveitarfélaga

1. Skyldugreiðsla allra sveitarfélaga: Sveitarfélög greiða fast gjald á ári sem tekur mið af

- A. Íbúarfjöldi og
- B. Fastri fjárhæð 200.000 kr. á hvert sveitarfélag
- C. Reykjavíkurborg leggur til vinnu og verkefni frá sínu stafræna teymi en greiðir ekki skv. A og B að öðru leyti

Þetta er gert til að standa straum af kostnaði 4 manna teymis hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem sinnir þessu verkefni sem heitir "[Stafrænt teymi hjá sambandi íslenskra sveitarfélaga](#)"

2. Valkvæð greiðsla sveitarfélaga: Sveitarfélög skrá sig fyrir þátttöku í lausn sem er forrituð/keypt og miðast greiðsluþátttaka við nr. 1 en einungis þau sveitarfélög sem skrá sig deila kostnaði

3. Fyrirkomulag ef greiða á fyrir lausn. Þau sveitarfélög sem vilja að kaupa sig inn síðar geta keypt sig inn í lausnina. Greiðsla er út frá því hvað þau hefðu átt að greiða í upphafi, auk þess greiða þau premíu t.d. x 1,5

Miðlægt tækniteymi sveitarfélaga v. stafrænnar þróunar

Verkefnalýsing og kostnaður

Starfsmaður 1 – 100% Stefnumörkun, uppbygging, miðlun, verklag og vinnubrögð

- Teymis - og verkefnastjórnun
- Yfirsýn, utanumhald og samskipti
- Ferlagreiningar og endurhönnun þjónustu og innleiðingaáætlanir
- Fræðsla og viðhald tengslanets

Starfsmaður borgaður af
Jöfnunarsjóði til 1. okt. 2021
að hluta til

Starfsmaður 2 – 100% Tæknistrúktúr og tæknistefna

- Gagnaupbygging og tengingar gagna og strúktúr - verkefni með Stafrænu Íslandi
- Samningayfirferð og ráðgjöf
- Þarfagreiningar
- Verkfærakista og stuðningur
- Verkefnastýring
- Fræðsla og miðlun

Starfsmaður 16 m.kr.
laun og launatengd gjöld

Starfsmaður 3 – 100% Vefur, verklag og miðlun

- Þróun stafrænt.sambandi.is
- Verkfærakista, verklag, stuðningur samstarfs og uppbygging verkefna
- Uppbygging „open source“ nálgunar
- Verkefnastýring
- Fræðsla og miðlun

Starfsmaður 16 m.kr.
laun og launatengd gjöld

Verktaki

- Skv. þörfum
- Verkefnastýring samvinnuverkefna
- Útboðsgerð
- ...

13 m.kr.

Tillaga stafræns ráðs sveitarfélaga til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

- Óskað er eftir samþykki fyrir stofnun miðlægs tækniteymis Sambands íslenskra sveitarfélaga sem kostað er af sveitarfélögum
- Óskað er eftir samþykki tillögu um kostnaðarþátttöku sveitarfélaga fyrir árið 2021
- Óskað er eftir samþykki ferlis ákvarðanatöku Stafræns ráðs við val forgangsverkefna

A decorative pattern of small, light blue geometric shapes, resembling stylized four-pointed stars or crosses, arranged in a grid-like fashion in the top right corner of the page.

Viðbóta refni

Kostnaður í miðlægt stafrænt tækniteymi til að geta farið í ábataverkefni - 2021

Stafrænt tækniteymi til að geta farið í ábataverkefni:

Mannaflí í :

- Stefnu, strúktúr og þarfagreiningar
- Uppgötvunarspretti
- Samstarf, utanumhald og verkefnastýringu
- Verkefnakaup; tilboð og útboð
- Samræming, ferlahönnun og stuðning við innleiðingu

Kostnaður: 45 milljónir árið 2021

Auk þess samningur vegna starfsmanns sem kostnaður er af Jöfnunarsjóði og rennur úr 1. okt. 2021

Ábataverkefni:

- Þjónustuferli inn á Island.is – (1-2 árið 2021)
- Microsoft rammasamningur – þarf verkefnastjóra
- Ábendingakerfi – (Rvík hefur gefið kóða) Pilot 4 sveitarfélaga
- Áhættugreining stafrænna lausna – verkefnalýsing tilbúin
- Netsamtalalausn – SaaS – verkefnalýsing tilbúin (tilboð eða útboð)
- Stafræn miða og kortalausn – SaaS (Pilot þróunarverkefni)
- Rafrænir ráðningarsamningar
- Rafrænar undirskriftir
- Innkaupakerfi
- fl. og fl.


Kostnaður:

Ríki: 100 m.kr fyrir 1-2 þjónustuferli inn á Island.is – klárast í apríl 2021
Sveitarfélög: 100 - 200 m.kr. verkefni árlega

Möguleg tímalína verkefna sem þarf að móta og raða eftir kosningu sveitarfélaga um sameiginleg verkefni

Yfirbygging

Ábataverkefni



Samvinna við Stafrænt Ísland (15 ferli sem tengjast grunnskrám ríkisins mikið)

Dæmi um verkefni og ferla

	Ríkið – 100 milljónir (1-2 verkefni)	Samvinnufjármagn frá sveitarfélögum	Hvert sveitarfélag fjármagnar sín verkefni
Áherslur	- Samvinna við Stafrænt Ísland við hönnun stafrænna þjónustuferla - Bætt þjónusta við íbúa	Stafrænar lausnir og verkefni sem skila miklum fjárhagslegum ávinningi fyrir sveitarfélög snemma	Frumkvæðisverkefni og nýsköpun sveitarfélaga sem bæta þjónustu og auka fjárhagslegan ávinning
Álitlegar tillögur	- Umsókn um fjárhagsaðstoð - Umsókn um félagslega leiguíbúð - Ósk um viðtal við starfsmann sveitarfélags - Umsókn um grunnskóla	- Greining samninga sveitarfélag við hugbúnaðarbirgja og gerð betri samninga - Uppbygging miðlægrar gáttar fyrir upplýsingar og deilingu efnis og kóða - Einföldun ferlis byggingaráforma - Ábendingagátt - Pilot - Kaup og aðstoð við innleiðingu á sérhönnuðum þjónustulausnum SaaS - Sameiginleg útboð kerfa og lausna (Microsoft) - Áhættugreining stafrænna lausna	Dæmi frá Hafnarfirði: - Reiknivél leikskólanna - Reiknivél frístundaheimilanna - Reiknivél fyrir dagforeldra, leikskóla og frístundaheimili - Sorphirðudagatal - Álag á sundlaugar



Forgangsverkefni Umsókn um fjárhagsaðstoð með stafrænu Íslandi

Samband íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd
sveitarfélaga

Staðan í dag, tölur frá 2019 og mögulegur ávinningur

Sveitarfélagi er skylt að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar.

- **Hvað eru margar umsóknir á ári?**
 - 5.660
- **Hvað eru margir nýir viðtakendur?**
 - 2.722

Útgjöld fjárhagsaðstoðar í þúsundum króna á ári.

- 4.154.434
- **Meðalfjöldi mánaða sem umsækjandi fær greitt:**
4,6 mánuðir

Hvað eru margir starfsmenn sem starfa við að afgreiða umsóknir? 2-3

Í hverju sveitarfélagi má áætla að a.m.k. tveir starfsmenn er komi að hverri umsókn; móttaka, yfirferð, viðtal og að lokum útborgun.

Hvað fara margar klukkustundir af launaðri vinnu í hverja umsókn og hver er mögulegur ávinningur varlega talinn?


Áætla má 4-5 klst. á hverja umsókn að meðaltali. Sá tími gæti styst töluvert ef rafrænar umsóknir tryggja rétt gögn og auðveldari eftirfylgni. Miðað við 5.660 umsóknir á ári er þetta 22.640 – 28.300 klst. á ári er fara í að vinna þessar umsóknir, en hægt væri að minnka það niður í 14.150 klst. varlega metið.

Mikill fjárhagslegur ávinningur hefur skapast hjá Reykjavíkurborg.


Staðan í dag

Hvernig sótt er um fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélögum

Hvernig sækja íbúar um fjárhagsaðstoð?



Hvernig er úrvinnsla umsókna og útgreiðsla fjárhagsaðstoðar?



Hvernig fer ferlið fram í dag– fjárhagsaðstoð?



Hringja í þjónustuver er bæjarskrifstofu eða mæta á staðinn

Umsókn prentuð út og úthlutað til ráðgjafa

Umsækjandi sækir á pappír eða fær pdf sent í tölvupósti 67%, eða fer á mínar síður (one) 23%, eða meiri gagnvirkni 10%

Íbúi sækir gögn – vinnufærir, óvinnufærir

Afgreiðslufundur
Er umsækjandi að biðja eftir afgreiðslu í öðrum kerfum? – Fá staðfestingar

Fjárhagsaðstoðarreglur Sveitarfélaga – eru nokkuð eins

Oft viðtal hér í minni sveitarfélögum en ekki stærri

Gildistími umsóknar eru 3 mánuðir.

Staðfest að sé undir framfærslu mörkum

Umsókn afgreidd -

Greiðsla - greiðsluferli

Viðtal eftir 3 mánuði frá samþykkt-farið yfir stöðu og leitað leiða fyrir virkni

Staðfest að viðkomandi er ekki undir framfærslu mörkum – synjun send í pósti

Umsækjandi getur áfrýjað til málsskots-nefndar í stærri sveitarf.

Viðtal

Öflun fylgigagna
berast í tölvupósti eða komið er með þau á pappír:

Óvinnufærir - læknisvottorð
Launaseðlar
Skattyfirlit
Staðfesting staðgreiðslurskrá
Staðfesting frá TR
Staðfesting frá Vinnumálastofnun
Staðfesting frá Sjúkratryggingum
Staðfesting frá Lífeyrissjóði
Uppl. frá Þjóðskrá um fjölskyldugerð, giftur, sambúð

Sömu upplýsingar og hér fyrir ofan fyrir maka

Lánaferlið
TR
Sí

Áður en hægt er að útbúa skuldabréf þarf að berast staðfesting frá banka um stofnun lokaðrar bókar

Fjöldi íbúa eftir sveitarfélögum 4. ágúst 2020 og hugmyndir að úthlutun á greiðslu sveitarfélaga fyrir stafrænt teymi sveitarfélaga hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Þjóðskrá Íslands - 4. ágúst 2020

			Skipting eftir.....					
Sveitarfélagsnúmer	Sveitarfélag	Fjöldi íbúa - 4. ágúst 2020	Íbúafjöldi	100 þkr. + íbúafjöldi	Íbúafjöldi án Rvk	100 þkr. +Íbúafjöldi án Rvk	200 þkr. +Íbúafjöldi án Rvk	+ föst upphæð á Rvk
Höfuðborgarsvæðið			235.409					
0000	Reykjavíkurborg	132.649	1	16.248.482	13.857.048			5.000.000
1000	Kópavogsbær	38.224	2	4.682.146	4.064.217	7.328.190	6.320.819	4.499.205
1100	Seltjarnarnesbær	4.705	3	576.326	587.956	902.028	865.722	729.190
1300	Garðabær	17.397	4	2.130.999	1.904.246	3.335.300	2.931.299	2.156.709
1400	Hafnarfjarðarkaupstaður	29.865	5	3.658.233	3.197.304	5.725.627	4.960.422	3.559.035
1604	Mosfellsbær	12.330	6	1.510.330	1.378.746	2.363.870	2.106.663	1.586.804
1606	Kjósarhreppur	239	7	29.276	124.787	45.820	138.896	226.881
Suðurnes			28.132					
2000	Reykjanesbær	19.598	8	2.400.604	2.132.512	3.757.269	3.289.504	2.404.265
2300	Grindavíkurbær	3.549	9	434.725	468.067	677.587	674.770	599.170
2506	Sveitarfélagið Vogar	1.337	10	163.772	238.660	256.326	371.592	350.378
2510	Suðurnesjabær	3.648	11	446.852	478.335	699.384	693.699	610.305
Vesturland			16.688					
3000	Akraneskaupstaður	7.563	12	926.409	884.360	1.449.955	1.330.851	1.050.641
3506	Skorradalshreppur	65	13	7.962	106.741	12.462	110.579	208.695
3511	Hvalfjarðarsveit	633	14	77.538	165.649	121.357	203.018	271.196
3609	Borgarbyggð	3.856	15	472.330	499.906	739.261	727.550	633.700
3709	Grundarfjarðarbær	864	16	105.833	189.606	165.643	240.613	297.178
3710	Helgafellssveit	66	17	8.084	106.845	12.653	110.741	208.829
3711	Stykkishólmsbær	1.194	18	146.256	223.830	228.910	359.728	334.294
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	128	19	15.679	113.275	24.540	120.832	214.397
3714	Snafellsbær	1.687	20	206.645	274.959	323.427	374.553	425.680
3811	Dalabyggð	632	21	77.415	165.545	121.165	202.856	271.084
Vestfirðir			7.058					
4100	Bolungarvíkurkaupstaður	951	22	116.490	198.628	182.323	254.772	306.963
4200	Ísafjarðarbær	3.771	23	461.919	491.091	722.965	713.717	624.139
4502	Reykholahreppur	242	24	29.643	125.098	46.396	139.385	227.219
4604	Tálknafjarðarhreppur	265	25	32.460	127.483	50.805	143.128	235.451
4607	Vesturbýggð	1.030	26	126.167	206.821	197.468	267.629	315.848
4803	Suðavíkurhreppur	198	27	24.253	120.535	37.960	132.224	226.488
4901	Árneshreppur	40	28	4.900	104.148	7.669	106.510	204.499
4902	Kaldraneshreppur	107	29	13.107	111.097	20.514	117.414	214.314
4911	Strandabyggð	454	30	55.612	147.084	87.040	173.887	260.734
Norðurland vestra			7.425					
5200	Sveitarfélagið Skagafljórður	4.100	31	502.218	525.212	786.040	767.260	661.143
5508	Húnaþing vestra	1.224	32	149.931	226.941	234.662	299.202	337.668
5604	Blönduósibær	947	33	116.000	198.214	181.556	254.121	326.683
5609	Sveitarfélagið Skagaströnd	484	34	59.286	150.196	92.791	178.769	264.748
5611	Skagabyggð	88	35	10.779	109.126	16.871	114.322	211.772
5612	Húnavatnshreppur	374	36	45.812	138.788	71.702	160.867	250.032
5706	Akrahreppur	208	37	25.478	121.572	39.877	133.851	227.825
Norðurland eystra			30.558					
6000	Ákureyrarbær	19.101	38	2.339.726	2.080.968	3.661.986	3.208.619	2.755.252
6100	Norðurlþing	3.057	39	374.459	417.042	586.079	597.516	543.833
6250	Fjallabyggð	2.006	40	245.720	308.043	384.584	426.469	468.354
6400	Dalvíkurbyggð	1.867	41	228.693	293.627	357.936	403.848	409.989
6513	Eyjafjarðarsveit	1.073	42	131.434	211.281	205.712	274.627	343.541
6515	Hörgársveit	639	43	78.273	166.271	122.507	203.995	285.483
6601	Svalbarðsstrandarhreppur	448	44	54.877	146.462	85.889	172.910	259.932
6602	Gryttubakkahreppur	372	45	45.567	138.580	71.319	160.542	249.765
6607	Skútustaðahreppur	487	46	59.654	150.507	93.366	179.258	254.775
6611	Tjörneshreppur	58	47	7.105	106.015	11.120	109.439	207.159
6612	Þingeyjarsveit	873	48	106.936	190.539	167.369	242.078	316.786
6706	Svalbarðshreppur	93	49	11.392	109.645	17.830	115.135	212.441
6709	Langanesbyggð	484	50	59.286	150.196	92.791	178.769	264.748
Austurland			10.838					
7000	Múlaþing	4.969	51	608.664	615.336	952.642	908.687	864.732
7300	Fjarðabyggð	5.110	52	625.936	629.959	979.674	931.634	883.595
7502	Vopnafjarðarhreppur	663	53	81.212	168.760	127.108	207.901	288.693
7505	Fljótalshreppur	96	54	11.759	109.956	18.405	115.624	212.842
Suðurland			31.262					
7708	Sveitarfélagið Hornafjórður	2.429	55	297.534	351.912	465.681	495.311	524.942
8000	Vestmannaeyjabær	4.383	56	536.884	554.562	840.295	813.318	786.340
8200	Sveitarfélagið Árborg	10.281	57	1.259.343	1.166.244	1.971.042	1.773.196	1.575.349
8508	Mýrdalshreppur	765	58	93.707	179.338	146.663	224.501	302.339
8509	Skaftárhreppur	656	59	80.355	168.034	125.766	206.762	287.757
8610	Ásahreppur	269	60	32.950	127.898	51.572	143.779	235.986
8613	Rangárling eystra	1.968	61	241.065	304.102	377.299	420.285	463.271
8614	Rangárling ytra	1.721	62	210.809	278.485	329.945	380.087	430.228
8710	Hrunamannahreppur	817	63	100.076	184.731	156.633	232.964	309.295
8716	Hveragerðisbær	2.718	64	332.934	381.884	521.087	542.345	563.603
8717	Sveitarfélagið Ölfus	2.289	65	280.385	337.393	438.840	472.527	506.213
8719	Grímsnes- og Grafningshreppur	503	66	61.614	152.166	96.434	181.861	267.289
8720	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	595	67	72.883	161.708	114.072	196.834	279.597
8721	Bláskógabyggð	1.173	68	143.683	221.652	224.884	290.902	356.919
8722	Flóahreppur	695	69	85.132	172.079	133.243	213.109	292.974
Samtals			367.370	45.000.000	45.000.000	45.000.000	45.000.000	45.000.000

Þessar tölur eru keyrðar úr grunnum þjóðskrár og byggja á skráningu einstaklinga eftir sveitafélögum (húskóða).